

Helstu athugasemdir mínar eru:

1. Í 12. gr. er getið um ábyrgðarmenn. SíN getur krafist ábyrgðarmanns rétt eins LÍN ef lántakandi telst ekki traustur aðili að mati sjóðsstjórnar. Mín skoðun er sú að það á aldrei að krefjast ábyrgðarmanns. Jafnframt á að jafna stöðu eldri lána og nýrra með því að fella niður ábyrgðamannakerfi eldri lána. Það er samfélagslega hægkvæmt/nauðsynlegt að fólk mennti sig og jafnvel það hagkvæmasta í stöðunni bæði fyrir samfélagið í heild og einstaklinga með ótraustan bakgrunn að þeir einstaklingar fái tækifæri til þess að mennta sig. Sú fjárhagslega áhætta á ekki að liggja hjá fámönnum hópi ættingja þessara einstaklinga. Ef einstaklingur greiðir ekki lán sitt fellur krafan niður við 65 ára aldur fram að því er upphæð hennar tryggð með þeim kjörum sem eru á láninu auk vanskilagjalds sem þó er hægt að fella niður standi einstaklingur við skuldbindingar sínar í ákveðinn fjölda ára. Ekki er ólíklegt að í þeim fáu % tilfella sem lánsfé tapast hefði það fjármagn hvort sem er farið úr öðrum vasa ríkisins ef eintaklingur hefði ekki fengið tækifæri til að menntað sig. Með henni aukast þó verulega líkur á að viðkomandi einstaklingur skili þessu fjármagni í öðru formi aftur til samfélagsins /ríkisins.
2. Ég mæli gegn breytilegum vöxtur sem kunna geta haft veruleg áhrif á greiðslubyrði lánanna og við erfiðari efnahagslegar aðstæður en nú ríkja orðið mjög íþyngjandi. Það eiga að vera fyrirfram ákveðnir hagstæðir vextir.
3. Nauðsynlegt er að námslán falli undir lög um neytendalán.
4. Það er mjög jákvæð breytinga að menn séu ekki að greiða námslán eftir 65 ára aldur. Þar sem í núgildandi kerfi er greitt fram í andlánt lántakanda en á að vera hægt að krefja dánarbú um greiðslu lána. Því er mikilvægt að samræma núgildandi kerfi því sem lagt er til með frumvarpi þessu, þannig að það séu ábyrgðarmenn og ekki sé greitt af eldri námslánum eftir að starfsævi lýkur.
5. Endurgreiðslur eiga ekki að hefjast fyrr en tveimur árum eftir námslok eins og var hér fyrir 1990. Þessi ár eru oft erfið hjá mörgum nýútskrifuðum nemendum.
6. Mikilvægt er að námsmenn eigi rétt á því að greiða í lífeyrissjóð í gegnum námslánakerfið. Þar sem ávinnsla lífeyrisréttinda getur minnkað með lífaldri er mikilvægt að byrja að greiða í lífeyrissjóð samhliða námi. Ég mæli með að a. Ríkið greiði móttframlag 11% ,sem er styrkur og bætist ekki við höfuðstól láns, en lánþegi greiðir sjálfur 4% sem hann fær í formi aukaláns.